

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	24.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Langanesbyggð Þórshöfn	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	42369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Pétursson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Egilsson	Staðsetning	664967,643 638432,638

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun fannst í eftirliti, engar ábendingar um úrbætur voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir var í lokunareftirlit með urðunarstaðnum við Álfasundsás við Þórshöfn.

Farið var yfir fyrirmæli um frágang og vöktun (frá 23. apríl 2014) á fundi með sveitarstjóra og skrifstofustjóra Langanesbyggðar.

Tvö frávik voru skráð í síðasta eftirliti (2014) Umhverfisstofnunar með urðunarstaðnum.

- Úrgangur var enn að berast á urðunarstaðinn þrátt fyrir að starfsleyfið hafi verið runnið út og honum lokað.
- Eins var skráð sem frávik 2014 að niðurstöður mælinga sem kröfur voru um höfðu ekki borist Umhverfisstofnun.

Litið er svo á að lokið sé við að ráðstafa garðaúrgangi og óvirkum úrgangi sem hafði safnast upp á urðunarstaðnum og var frávik í síðastu eftirlitsskýrslu (2014) ásamt því að hylja svæðið með jarðvegi eins og fyrirskipt er í fyrirmælunum þótt tilkynning til Umhverfisstofnunar hafi ekki borist. Þetta var síðan sannreynt við skoðun á urðunarstaðnum og frávikinu er því lokað.

Eins hafa niðurstöður mælinga á grunnvatni verið að berast stofnuninni á tveggja ára fresti eins og kröfur eru um í fyrirmælum um frágang og vöktun. Því frávik er því líka lokað.

Fyrir liggur ábyrgðaryfirlýsing sveitastjórnar Langanesbyggðar frá 7. febrúar 2014. Langanesbyggð tekur því ábyrgð á viðhaldi og vöktun urðunarstaðarins og greiningu vatnsýna úr nágrenni hans, sbr. 43. grein laga nr. 55/2003.

Í fyrirmælunum er krafa um að árlega skuli mæla sig á urðunarstaðnum og skrá þær niðurstöður. Mælingar eru ekki hafnar og telst það frávik frá kröfum fyrirmælanna.

Skráningum á sigi og öðrum skráningum s.s. á hæð grunnvatnsborðs og samsetningu grunnvatns skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert og senda afrit á heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Að fundinum loknum var farið á urðunarstaðinn á Álfasundsás og hann skoðaður. Með í för var Jarek verkstjóri í áhaldahúsi Þórshafnar.

Snyrtilegt var um að litast, svæðið að mestu uppgróið og girðing og hlið um urðunarstaðinn.

Frávik frá

grein 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun frá 23. apríl 2014. Urðunarstaður Langanesbyggðar við Þórshöfn.

Lýsing á frávikum

Árlegar mælingar á sigi urðunarstaðarins (breytinga á umfangi) hafa ekki verið gerðar og mælipunktur ekki útbúnir. Því hefur sigmælingum ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar um úrbætur voru gerðar.

ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

Reykjavík, 24.10.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Gottskálk Friðgeirsson